



SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

**Yfirlit um störf Velferðarmálanefndar SASS 2011 og
tillögur til ársþings SASS**

Október 2011

Skipan nefndarinnar

Á síðasta aðalfundi SASS voru eftirtalin kosin í velferðarmálanefnd SASS: Harpa Dís Harðardóttir, formaður, Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Guðmundur B. Gylfason, varaformaður, Sveitarfélaginu Árborg, Jón Páll Kristófersson, Sveitarfélaginu Ölfusi, Karl Pálmason, Mýrdalshreppi og Margrét Rós Ingólfssdóttir, Vestmannaeyjabæ. Guðmundur B. Gylfason sagði sig úr nefndinni og tók varamaður hans Brynhildur Jónsdóttir sæti í nefndinni í hans stað. Þorvarður Hjaltason framkvæmdastjóri starfaði með nefndinni.

Störf nefndarinnar

Nefndin hélt 3 fundi á starfsárinu. Á fundum nefndarinnar voru eftirfarandi málefni til umfjöllunar:

Erindisbréf nefndarinnar

Nefndin gerði tillögu að erindisbréfinefndarinnar sem stjórn SASS samþykkti.

Málefni fatlaðra

Nefndin fylgdist með undirbúningi að tilfærslu málefna fatlaðra. María Kristjánsdóttir formaður svæðisráðs málefna fatlaðra á Suðurlandi kom á fund nefndarinnar sagði frá störfum svæðisráðsins sem skipað er fulltrúum félagsþjónustusvæðanna á Suðurlandi sem eru þrjú ytalsins en voru fimm í upphafi árs. Ráðið hefur fundað vikulega sl. mánuði og samstarfið innan þess gengið mjög vel. Hún fór yfir verkefnið sem unnið væri að og framundan væru. Mat á þjónustupörf er væntanlegt og verður lagt til grundvallar á skiptingu fjármuna árið 2012. Nú er fjármunum skipt með sama hætti og var árið 2010. Ráðið er að kanna þá biðlista sem fyrir hendi eru en nú eru 5 einstaklingar í brýnni þörf fyrir aukna þjónustu.

Vakin var athygli á að réttindagæslu fyrir fatlaða væri ábótavant eftir tilfærsluna til sveitarfélaganna og mikilvægt að bæta úr því sem alla fyrst. Nefndin samþykkti að koma þessum athugasemdum á framfæri.

Heilbrigðisþjónusta á Suðurlandi

Magnús Skúlason forstjóri HSu kom á fund nefndarinnar og gerði grein fyrir málefnum Heilbrigðisstofnunar Suðurlands. Eftirfarandi kom fram: Niðurskurður á þessu ári nemur 6% eða um 125 millj. króna. Niðurskurðurinn fyrir árin 2009 - 2011 nemur 21% sem gera um 370 milljónir króna á ári. Afleiðingar niðurskurðarins er að: stöðugildum fækkar um 18 á þessu ári.og verða um 210 eftir fækkun, vaktir svæfingar- og fæðingarlækna hafa verði felldar niður, ekki lengur á vakt og fæðingum hefur fækkað úr ca. 160/180 í 100 á ári. Stofnunin mun veita grunnheilbrigðisþjónustu, þ.e.

heilsugæslu, hjúkrun aldraðra, almenna sjúkrahúspjónustu, almennar lyflækningar, hjúkrun, slysa og bráðapjónustu, fæðingarþjónustu og endurhæfingu. Bráða- og slysaþjónusta og sálfélagsþjónusta verður styrkt. Vaktþjónusta í Árnes- og Rangárvallasýslum verður samþætt til að styrkja bráðapjónustuna. Áhersla verður lögð á að auka sérfræðiþjónustu og draga úr þörf á að sækja slíka þjónustu til höfuðborgarsvæðisins. Áhersla áfram á sparnað og ráðdeild í starfseminni. Hafist verður handa við endurhönnun eldra húsnæðis þannig að endurbætur geti hafist sem fyrst. Um 150 milljónir króna eru til staðar í þessu skyni. Einnig koma fram það mat Magnúsar að sameining heilbrigðisstofnananna í sýslunum þremur hefði tekist vel að flestu leyti. Hann skýrði einnig frá því að hugmyndir væru uppi hjá samstöðuhóp, sem myndaðist í haust til að verja heilbrigðisstofnanirnar vegna niðurskurðaráforma ríkisvaldsins, um að móta tillögur um framtíðarskipan heilbrigðismála á svæðinu í anda þess að sókn sé besta vörnin.

Velferðarnefndin leggur mikla áhersla á að núverandi heilbrigðisþjónusta verði ekki fyrir frekari skerðingum og telur áform sem koma fram í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2012 um 3% niðurskurð til heilbrigðisstofnana á Suðurlandi fullkomlega fráleita og stefni öryggi folks á svæðinu í hættu því ljóst er að leggja þarf niður lágmarksgrunnþjónustu sem er til staðar.

Hjúkrunarrými

Þá voru lagðar fram niðurstöður vistunarmats á landinu fyrir árið 2010. Þar kemur fram að að 41 einstaklingur á Suðurlandi er á biðlista um sl. ármót og í brýnni þörf fyrir hjúkrunarrými, flestir í Sveitarfélaginu Árborg. Þörfin er greinilega mest á Suðurland eða um 20% þeirra sem eru á biðlista í en á landinu öllu eru 215 einstaklingar á biðlista. Einnig var lagt fram bréf Vistunarmatsnefndar heilbrigðisumdæmis Suðurlands til velferðarráðuneytisins, dags. 5. október 2011, þar sem lögð er áhersla á fjölgun hjúkrunarrýma á svæðinu. Nefndin tekur heilshugar undir tillögur vistunarmatsnefndarinnar og hvetur velferðarráðuneytið að taka þær til alvarlegrar athugunar. Nefndin leggur jafnframt til að kallaður verði saman fundur aðildarsveitarfélaga SASS og hagsmunaaðila um þann skort sem er á hjúkrunarrýmum á Suðurlandi og að sveitarfélögin leiti markvisst leiða til að bæta úr þeim vanda.

ART verkefnið.

Lögð var fram á fundi nefndarinnar tillaga framkvæmdaráðs Sóknaráætlunar Suðurlands um verkefnið til fjárfestingaráætlunar ásamt greinargerð. Kristín Hreinsdóttir framkvæmdastjóri Skólaskrifstofunnar kom á fund nefndarinnar og gerði grein fyrir verkefninu og áætlunum um framtíð þess. Velferðarnefndin lýsir yfir ánægju með það starf sem unnið er hjá ART verkefninu og leggur áherslu á að aðkoma ríkisins verði tryggð með þriggja til fimm ára samningi.

Tillögur velferðarnefndar til ársþings SASS 2010

Heilbrigðisþjónusta á Suðurlandi

Ársþing SASS, haldið í Vík 28. og 29. október 2011, mótmælir harðlega áframhaldandi niðurskurði í heilbrigðismálum á Suðurlandi, eftir rúmlega 20% niðurskurð undanfarin tvö ár. Leggja verður niður grunnheilbrigðisþjónustu sem getur stefnt öryggi og lífi fólks í hættu. Ársþingið leggur því áherslu á að staðinn verði vörður um þjónustu héraðssjúkrahúsanna og hún frekar eflað frá því sem nú er. Fyrir liggur að rekstur þessara sjúkrahúsa er hagkvæmur og gæti orðið enn hagkvæmari með fleiri verkefnum. Mikilvægt er að hafa í huga að sjúkrahúsþjónustan og heilsugæslan eru samofin og niðurskurður á öðrum þættinum hefur skaðleg áhrif á starfsemi hins. Ekki má heldur horfa fram hjá þeim samfélagskostnaði og óþægindum sem fylgja því að flytja verkefni frá heilbrigðisstofnunum á Suðurlandi til Landspítalans eins og stefnt er að leynt og ljóstum. Velferðarráðherra og alþingismenn eru hvattir til að standa vörð um heilbrigðisþjónustuna og um leið velferð og öryggi íbúa svæðisins.

Aukið hjúkrunarrými á Suðurlandi

Ársþing SASS, haldið í Vík 28. og 29. október 2011, skorar á stjórnvöld að tryggja fjármagn til uppbyggingar hjúkrunarrýma á Suðurlandi í samvinnu við sveitarfélögin. Ársþingið samþykkir að hefja þegar vinnu í samvinnu SASS og aðildarsveitarfélaganna til að leita allra úrræða til að bregðast við óviðunandi skorti á hjúkrunarrými.

Fyrir liggur að þörf fyrir aukið hjúkrunarrými á Suðurlandi er veruleg. Samkvæmt samræmdu vistunarmati sem fram fór álandinu öllu á árinu 2010 kom í ljós að 215 manns voru á biðlista eftir hjúkrunarrými á landinu öllu þar af 41 á Suðurlandi eðnaum 20% tilfella sem er langt umfram hlutfall sunnlendinga af þjóðinni sem nú er um 8%. Þörf fyrir hjúkrunarrými er mest í Árnassýslu. Samkvæmt viðmiðum velferðarráðuneytis skal stefna að byggð séu einbýli og því liggur fyrir að í nokkrum tilfellum þarf að ráðast í framkvæmdir húsnæði standist þau viðmið.

ART verkefni

Ársþing SASS, haldið í Vík 28. og 29. október 2011, hvetur stjórnvöld og sveitarfélög til að tryggja starfsemi ART meðferðarteymisins á næstu árum. Hlutverk ART teymisins á Suðurlandi er tvíþætt. Annars vegar er það þjónustuúrræði í grunn- og leikskólum og þar unnið í samvinnu við skólayfirvöld og foreldra og hins vegar er það meðferðarúrræði fyrir þau börn og fjölskyldur sem vísað er til teymisins í gegnum barnavernd. Árangur af þessu starfi undanfarin ár hefur verið einstaklega góður. Ársþingið leggur til að gerður verði samningur til 3 - 5 ára á milli sveitarfélaganna og ráðuneytanna tveggja; velferðarráðuneytisins og menntamálaráðuneytisins, um starfsemi meðferðarteymisins.

Árþing SASS leggur einnig til að verkaskipting ríkis og sveitarfélaga varðandi barnaverndarmál og meðferðarvinnu verði tekin til endurskoðunar. Grunnskólar og barnavernd eru á ábyrgð sveitarfélaganna og því telur fundurinn mikilvægt að taka til endurskoðunar verkaskiptasamning ríkis og sveitarfélaga og hlutverk Barnaverndarstofu í því samhengi.

Þjónustusamningur Sveitarfélagsins Hornafjarðar og ríkis um heilbrigðis og öldrunarmál

Árþing SASS, haldið í Vík 28. og 29. október 2011, hvetur heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytið til þess að ganga til samninga við Sveitarfélagið Hornafjörð um endurnýjun á þjónustusamningum um heilbrigðis- og öldrunarmál í sveitarfélaginu. Samningar hafa verið lausir frá 1. janúar 2007. Sveitarfélagið hefur annast reksturinn frá 1996 og mikilvægt er að eyða óvissu um hann.

Í október 2010

Harpa Dís Harðardóttir
Jón Páll Kristófersson
Margrét Rós Ingólfssdóttir
Karl Pálmason
Brynhildur Jónsdóttir